210. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma í Gufuneskirkjugarði

Fimmtudaginn 19. desember 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:20.*
2. *Fundargerð 209. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Frátekið leiði á Akranesi – lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu – mál tengt frátöku leiðis.*
   Mál rætt. Ágústa mun ræða við kirkjugarðsvörð og veita leiðbeiningar.
4. *Tillaga KGSÍ um tekjuskiptingu ársins 2025 tekin til umfjöllunar.* KGSÍ leggur til sömu hlutföll í skiptingu fjárveitingar milli umhirðu, grafartöku, bálstofu, varasjóðs og ráðstöfunarfjár kirkjugarðasjóðs og unnið var eftir árið 2024. Tillaga KGSÍ að skiptingu fjárveitingar var samþykkt.
   Rætt var að litlir kirkjugarðar í dreifbýli eigi erfiðast með að ná endum saman miðað við framlag, m.a. vegna þess að þeir þurfa að kaupa þjónustu verktaka við hverja greftrun. Stærri garðar geta hins vegar staðið undir greftrun með því að klípa af fjármagni sem nýta ætti til umhirðu, en slík ráðstöfun er ekki sjálfbær. Einnig reynist erfitt af fjármagna viðhald húsnæðis sökum fjárskorts. Skoða má hlutföll í skiptingu við gerð tillögu á næsta ári, m.a. hvort einingaverð til lítilla garða verði hækkað. En ljóst er að hækka þarf framlag hins opinbera til að starfsemi kirkjugarða standi undir sér.
5. *Bálstofan í Fossvogi – Drög að nýju starfsleyfi.* Ingvar kynnti. Heilbrigðiseftirlitið gaf bálstofunni tveggja vikna fyrirvara til að aðlaga sig nýjum kröfum. Heimild fékkst til að brenna á kvöldin og nóttunni. Heilbrigðiseftirlitið byggir úrskurð sinn á þeim tilvikum þegar reykur berst úr strompi og kvörtunum sem berast vegna þessa. Bálstofan hefur kallað eftir skilgreindum mörkum mengunar frá Heilbrigðiseftirlitinu til að miða við, en slíkt liggur ekki fyrir.
   Hugmyndir KGRP að nýrri tillögu að bálstofu voru ræddar. Um einfaldara mannvirki er að ræða en fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir. Að byggja um 700 fm hús í kirkjugarðinum í Gufunesi, með plássi fyrir tvo til þrjá ofna, lítilli kaffistofu og líkhúsi. Hægt er að samnýta skrifstofuhúsnæði sem þegar er á staðnum sem aðstöðu fyrir starfsfólk. Þá væri að fara í þessa framkvæmd án stofnframlags frá ríkinu, ef 110-130 þúsund krónur verða greiddar fyrir hverja brennslu í stað þeirra liðlega 50

þúsunda sem greiddar eru í dag. Kirkjugarðaráð styður að KGRP láti vinna hugmynd að nýrri og einfaldari bálstofu.

6. *Önnur mál.* Engin önnur mál.
7. *Næsti fundur.* Úthlutunarfundur verður fimmtudaginn 13. febrúar kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:33.